

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/1013
komudagur 14.2.2012

Alþingi
Kristjana Benediktsdóttir
v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. febrúar 2012
2012010016

Efni: Tillaga til þingsályktunar um stefnu um beina erlenda fjárfestingu, á 140. löggjafarþingi, þskj. 498 - 385. mál

Þingsályktunartillagan var send Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 27. janúar 2012.

Í 3. kafla skýrslu starfshóps iðnaðarráðherra um tillögugerð í tengslum við stefnu stjórnvalda varðandi erlenda fjárfestingu, er vikið að mati og vali á atvinnugreinum eða geirum sem leggja ber áherslu á við kynningu á Íslandi. Í kafla 3.3 er fjallað um minkarækt og gróðurhús í iðnaðarskala í þessu samhengi. Samkvæmt því sem fram kemur er Ísland talið eitt hagkvæmasta framleiðslulandið á sviði minkaræktar og að rekstur af þessu tagi falli afar vel að starfsemi í dreifbýli. Þá kemur fram að samekppnishæfni Íslands með tilliti til matvælaframleiðslu í risagróðurhúsum hafi vaxið hratt undanfarin ár og að hæfnin muni aukast umtalsvert á næstu árum. Þá er fullyrt að ótti innlendra aðila við samkeppni hamli því að verkefnum af þessu tagi sé hrundið í framkvæmd. Þessi fullyrðing er auðvitað mjög undarleg og ekki er gerð tilraun til þess að rökstyðja hana frekar í skýrslunni.

Bændasamtökin leggjast ekki gegn hugmyndum af því tagi sem birtast í skýrslu starfshópsins um risagróðurhús og hvetja til þess að möguleikar í matvælaframleiðslu hér á landi séu nýttir til fulls. Bændasamtökin vilja þó benda á að hér á landi er matvælaframleiðsla og markaður með matvæli mjög viðkvæmur. Stíga verður varlega til jarðar þegar stefna um erlenda fjárfestingu í matvælaframleiðslu á Íslandi er mótuð. Kemur þá til dæmis til greina að setja sértæka löggjöf um fyrirtæki sem starfrækja risagróðurhús sem miðaði að því að þau gætu ekki sett innanlandsmarkað í uppnám. Bændasamtökin telja nauðsynlegt að skoða gaumgæfilega og komast að niðurstöðu um hvort fyrirtæki sem starfrækja til dæmis risagróðurhús, geti komið á innlandan markað og kollvarpað honum. Bændasamtökin vilja áreita að þessi sjónarmið eiga ekkert skylt við að bændur óttist samkeppni heldur telja þau að gjalda beri varhug við því að stjórnvöld beiti sér beinlínis fyrir því að setja á fót stórfellda iðnaðarframleiðslu á matvælum til útflutnings. Sem dæmi um vandkvæði sem geta fylgt slíkum fyrirætlunum má nefna aðstæður sem skapast þegar útflutningur gengur illa af einhverjum orsökum. Slíkar aðstæður yrðu að líkindum óhjákvæmilega til þess að þessi mikla framleiðsla yrði sett á innanlandsmarkað með tilheyrandi áhrifum á lítil og meðalstór fyrirtæki sem framleiða sömu vöru.

Þá vilja Bændasamtökin benda á að nú þegar er búið að breyta orkulögum til hagræðis fyrir risagróðurhús. Meðal annars er um að ræða ívilnanir sem núverandi innlendum framleiðendum gefst ekki kostur á, t.d. lægri kostnaður við dreifingu rafmagns. Bændasamtökin telja þörf á að skoða hvers vegna slíkum ívilnunum er ekki beitt að því er varðar framleiðslu fyrir innanlandsmarkað og þannig hvatt til stækkunar og aukinnar framleiðslu. Bændasamtökin telja mikilvægt að gætt verði að jafnræði í þessu samhengi.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson lögfr.